

Nd.

### **567. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf Landsbankans.

Frá Peningamálanefndinni.

Framsögum.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Heimilt skal landstjórninni að kaupa fyrir landssjóðs hönd bankaskuldabréf, sem Landsbankinn gefur út samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóv. 19 07, fyrir allt að 2 miljónum króna eftir ákvæðisverði bankaskuldabréfanna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd og gegn tryggingu í eignum eða tekjum hans, allt að 2 miljónum króna með 4% ársvöxtum og árlegri afborgun 2% og skal láninu varið til kaupa bankaskuldabréfa samkv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.